# STÆF2RH05
# Námsáætlun haustönn 2025



| **Kennarar** | Elín Björk Unnarsdóttir<br>Hermann Jón Tómasson<br>Helga Jónasdóttir<br>Hilmar Friðjónsson<br>Jóhann Kristjánsson | **Sk.st.** | EBU<br>HTÓ<br>HEL<br>HIF<br>JKR |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Meginefni áfangans er rúmfræði. Efnisþættir sem teknir eru fyrir í áfanganum eru: Rúmfræði, kynning á frumhugtökum rúmfræðinnar, hornasumma þríhyrnings, hlutföll í þríhyrningum og regla Pýþagórasar. Flatarmál og rúmmál. Horn við hring. Hornaföll í rétthyrndum þríhyrningum. Mælieiningar. Sannanir og rökfræði. Í áfanganum er lögð áhersla á skipulögð vinnubrögð, röksemdafærslur og nákvæmni í framsetningu við lausn verkefna í stærðfræði.

## Markmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- flatarmáli og rúmmáli
- hornaföllum í rétthyrndum þríhyrningum
- Pýþagórasarreglunni
- hornasummu þríhyrnings
- hlutföllum í þríhyrningum
- horni við hring
- metrakerfinu (metrar, fermetrar, rúmmetrar) og mælieiningum
- sönnunum og rökfræði

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- leysa rúmfræðileg vandamál
- reikna horn og hliðar í þríhyrningum
- reikna flatarmál og rúmmál og vinna með mælieiningar
- reikna stærðir í einslægum þríhyrningum
- finna ferilhorn, miðhorn, utanvert og innanvert horn
- skilja og vinna með hornaföll í rétthyrndum þríhyrningum
- vinna með og nota Pýþagórasarregluna
- nota röksemdafærslu við sannanir

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- fjalla um stærðfræðileg viðfangsefni og setja úrlausnir sínar fram skriflega á skiljanlegan og snyrtilegan hátt
- skilja merkingu helstu stærðfræðitákna og hugtaka í námsefninu og geti útskýrt þau
- nýta þekktar formúlur, vinna með þær og finna óþekkta stærð út frá þekktum stærðum og reglum
- velja aðferðir sem við eiga hverju sinni til að leysa verkefni og beita þeim rétt
- fylgja og skilja röksemdafærslur í mæltu máli og í texta

**STÆF2RH05**
**Námsáætlun haustönn 2025**



**Námsgögn:** STÆF2RH05 SKO Horna-og rúmfræði eftir Hilmar Friðjónsson og Kjartan Heiðberg.

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Vika | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| 34 | 1. Kafli - Rúmfræði | Verkefni 1A | |
| 35<br>Nýnemaferð 26. og 27. ágúst | 1. Kafli - Rúmfræði | Verkefni 1A<br>Dæmi dagsins 1 | Dæmi dagsins 1 – 5% |
| 36 | 2. Kafli - Þríhyrningar | Verkefni 2A og 2B | |
| 37 | 2. Kafli - Þríhyrningar | Verkefni 2C og 2D<br>Hópverkefni 1 | Hópverkefni 1 - 5% |
| 38 | 3. Kafli - Sérstakir þríhyrningar | Verkefni 3A<br>Dæmi dagsins 2 | Dæmi dagsins 2 – 5% |
| 39<br>Námsmatsdagur 24. sept. | 3. Kafli - Sérstakir þríhyrningar | Verkefni 3B<br>Kaflapróf 1 | Efni kafla 1, 2 og 3<br>Kaflapróf 1 - 15% |
| 40 | 4. Kafli - Hringurinn | Verkefni 4A<br>Hópverkefni 2 | Hópverkefni 2 – 5% |
| 41 | 4. Kafli - Hringurinn | Verkefni 4B<br>Geogebra 1 | Geogebra 1 – 5% |
| 42<br>Námsmatsdagur 16.okt.<br>Bifröst 17. október | 5. Kafli - Hornaföll | Verkefni 5A og 5B | |
| 43<br>Vetrarfrí 20. og 21. október | 5. Kafli - Hornaföll | Verkefni 5C og 5D<br>Dæmi dagsins 2 | Dæmi dagsins 2 – 5% |
| 44 | 5. Kafli - Hornaföll | Verkefni 5E<br>Kaflapróf 2 | Efni kafla 4 og 5<br>Kaflapróf 2 - 15% |
| 45 | 6. Kafli - Flatarmál | Verkefni 6A | |
| 46<br>Námsmatsdagur 11. nóv. | 6. Kafli - Flatarmál | Verkefni 6A<br>Hópverkefni 3 | Hópverkefni 3 - 5% |
| 47 | 6. Kafli - Flatarmál | Verkefni 6<br>Kaflapróf 3 | Efni kafla 6<br>Kaflapróf 3 - 15% |
| 48 | 7. Kafli - Rúmmáls reikningur | Verkefni 7A | |
| 49 | 7. Kafli - Rúmmáls reikningur | Verkefni 7A<br>Geogebra 2 | Geogebra 2 – 5% |
| 50<br>Síðasti kennsludagur 9. des. | 7. Kafli - Rúmmáls reikningur | Verkefni 7<br>Yfirlitspróf | Efni kafla 7<br>Yfirlitspróf - 15% |

**STÆF2RH05**
**Námsáætlun haustönn 2025**



## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

| **Matsform:** | **X Símat ☐ Lokapróf/valið lokapróf ☐ Lokaverkefni** | |
|---|---|---|
| **Námsmatsþættir** | **Lýsing námsmatsþáttar** | **Vægi** |
| Kaflapróf | Þrjú kaflapróf, hvert próf gildir 15%. | 45% |
| Hópverkefni | Þrjú verkefni, 5% hvert. | 15% |
| Dæmi dagsins | Þrjú dæmi dagsins, 5% hvert. | 15% |
| Geogebra | Tvö tímaverkefni í geogebru, 5% hvert. | 10% |
| Yfirlitspróf | Próf í lok annar úr öllu námsefninu með kennslubók. | 15% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

Annað: Formúlublöð frá kennara og reiknivélar eru leyfð í öllum kaflaprófum og í einhverjum tilfellum handskrifað glósublað frá nemendum. Kaflapróf og verkefni geta verið mismunandi á milli nemenda.

Nemandi má endurtaka **eitt** kaflapróf á önninni á námsmatsdegi ef einkunn er á bilinu 0- 44% og að nemandinn hafi ekki notað óleyfileg hjálpartæki.

Nemandi sem missir af kaflaprófi getur tekið samskonar próf á næsta námsmatsdegi.

*Snjallsímar og önnur hjálpartæki en reiknivél eru bönnuð við gerð námsmats.*
*Ef að nemandi verður staðinn að því að hafa notað óleyfileg hjálpartæki við að leysa dæmi í einhverjum námsmatsþáttanna þá fær sá nemandi einkunnina núll fyrir viðkomandi námsmatsþátt og hefur ekki möguleika á að endurtaka námsmatsþáttinn.*

Áskilinn er réttur til breytinga ef aðstæður krefjast.